

<b>Titill</b>	<b>Lokaverkefni</b>
<b>Námsgrein</b>	Lokaverkefni
<b>Viðfangsefni</b>	Rannsóknaraðferðir, sjálfstæð vinnubrögð og framsetning efnis.
<b>Skammstöfun</b>	LOVE3RV05
<b>Þrep</b>	3
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Lýsing</b>	<p>Í þessum áfanga vinnur nemandi á síðasta námsári að lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein hans. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi, þó er gert ráð fyrir að nemandinn velji efni tengt meginviðfangsefni sinnar námsleiðar. Nemandinn ákveður sjálfur viðfangsefni í samráði við kennara og í lok annar gerir nemandinn ítarlega grein fyrir verkefni sínu.</p> <p>Áfanganum er ætlað að skerpa undirbúning nemandans fyrir framhalds-nám. Nemandinn fær kennslu í helstu aðferðum rannsókna og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu, frágang og miðlun verkefna. Í áfanganum fær nemandinn tækifæri til að draga saman reynslu og fyrra nám í verkefnavinnu sinni. Áhersla er lögð á að nemandinn sýni sjálfstæði í vinnubrögðum, virkni og frumkvæði, þjálfri skipulagshæfileika sína og taki ábyrgð á eigin námi; enda skipuleggur hann vinnu sína sjálfur undir almennri verkstjórn kennara.</p>
<b>Forkröfur</b>	Að nemandi sé á síðasta námsári. Á Náttúrufræðilínu þarf nemandi að hafa lokið a.m.k. einum áfanga á 3ja þrepi í því fagi sem lokaverkefnið tengist.
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða</li> <li>• mikilvægi gildra rannsóknargagna og heimilda</li> <li>• ólíkum rannsóknaraðferðum</li> <li>• raunhæfri markmiðasetningu og afmörkun viðfangsefna</li> <li>• tilteknu viðfangsefni sem hann hefur valið sér</li> <li>• reglum um höfundarrétt og hugmyndum um hugverkastuld</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skipuleggja verkefni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti</li> <li>• sýna frumkvæði og skapandi nálgun</li> <li>• lesa fræðilegan texta á íslensku og erlendu tungumáli</li> <li>• vinna úr heimildum samkvæmt skv. leiðbeiningum skólans og viðurkenndum reglum um meðferð og úrvinnslu þeirra</li> <li>• beita viðeigandi aðferðum við útfærslu verkefnisins s.s. uppbyggingu og framsetningu</li> <li>• tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigið verkefni</li> </ul>

<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þróa hugmyndir og sýna sjálfstæði, áræðni og innsæi við útfærslu þeirra og túlkun</li> <li>• tjá sig og miðla þekkingu, hugmyndum og skoðunum fyrir framan hóp, bregðast við gagnrýni og sýna útsjónarsemi í óvæntum aðstæðum</li> <li>• nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna</li> <li>• breyta hugmynd í afurð á formi fræðilegrar ritgerðar/skýrslu/greinar</li> <li>• átta sig á virði verkefnisins og menntunar sinnar fyrir samfélag og atvinnulíf</li> <li>• vera meðvitaður um styrkleika sína</li> <li>• gera raunhæfa verkáætlun og framfylgja henni</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Lögð er áhersla á leiðsagnarnám með fjölbreyttu námsmati. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá.</p>